

# Richard Wagner félagið á Íslandi

Vesturgötu 36B-101 Reykjavík-sími 5517292-fax 5516592

18. ágúst 2000

Ágætu félagar.

Fimmtudaginn 24. ágúst mun leikmyndahönnuðurinn þekkti **Günther Schneider-Siemssen** halda fyrirlestur á vegum félagsins undir heitinu: "Die Bühne als kosmischer Raum", (sem þýða má sem "Leiksviðið sem rými í geiminum"). Þar mun hann einkum lýsa sviðsmyndum sínum frá New York og London en einnig segja frá tilraunum á notkun "holografíu" við gerð leikmynda í Salzburg og München. Fyrirlesturinn verður á þýsku og ensku og mun taka 40 mínútur. Að honum loknum gefst tækifæri til að leggja fram spurningar.

Günther Schneider-Siemssen var yfirleikmyndahönnuður Vínaróperunnar og einnig helsti leiktjaldamálari Herbert von Karajans, vann m.a. mikið við Tónlistarhátíðina í Salzburg. Hann hefur unnið við mörg stærstu óperuhús heims og er mörgum félagsmönnum að góðu kunnur þar sem hann gerði leikmynd að Niflungahringnum í New York sem sýndur var af myndbandi hjá félaginu síðastliðinn vetur.

Fyrirlesturinn verður haldinn í Þingholti á Hótel Holti og hefst klukkan 20, en húsið opnar 19.45. Félagsmenn eru hvattir til að mæta vel.

*(Kaffi og aðrir drykkir seldir á staðnum og lækkar leiga Wagner félagsins fyrir salinn í hlutfalli við aukna neyslu félagsmanna!)*

## Árshátíð félagsins og 5 ára afmæli.

Richard Wagner félagið verður fimm ára í desember. Stjórnin hefur ákveðið að halda upp á afmælið á árshátíð félagsins, sem verður því með seinna móti í ár, laugardaginn 4. nóvember í Þingholti, Hótel Holti. Væntum við þess að geta þá fagnað útkomu bókar Arna Björnssonar "**Wagner og Völsungar**" hjá Máli og menningu og auk þess opnað heimasíðu félagsins á netinu. Við höfum fengið góðkunningja okkar, breska Wagnersérfræðinginn **Barry Millington** til að halda fyrirlestur í tengslum við árshátíðina og afmælið. Millington flutti erindi um Wagner í tengslum við sýningu Niflungahringins í Reykjavík 1994. Barry Millington hefur skrifað og ritstýrt fimm bókum um Wagner, m.a. bókina "Wagner" í bókaröðinni Master Musicians, "The Wagner Compendium" og "The Ring of the Nibelung: A Companion". Auk þess hefur hann ritað fjölda greina, m.a. um Wagner í The New Grove Dictionary of Opera. Hann skrifar tónlistargagnrýni fyrir The Times og er einn af ritstjórum BBC Music Magazine. Auk alls þessa er Barry Millington virkur sem tónlistarmaður og mun leika á orgel með konu sinni, Deborah Calland trompetleikara, á tónleikum í Dómkirkjunni 5. nóvember á vegum Tónlistardaga Dómkirkjunnar.

## Myndbandssýningar og fyrirlestrar.

Dagskrá félagsins í vetur er ekki að fullu frágengin. Stefnt er að því að sýna hina þekktu og umdeildu heimildamynd **Hans Jürgen Syberbergs** um **Winifred Wagner og sögu Villa Wahnfried frá 1914-1975**. Myndin var tekin upp árið 1975 og byggir á viðtölum við Winifred sem ollu miklu fjaðrafoki á sínum tíma. Myndin er um 5 tímar á lengd og verður sýnd í tvennu lagi, sunnudagana **19. nóvember og 3. desember** kl. 14 í Þingholti, Hótel Holti.

Auk þess verða m.a. sýnd í vetur heimildamyndband af styrkþegamótinu í Bayreuth 1999 og myndband af uppfærslu Harry Kupfers á Hollendingnum fljúgandi frá Bayreuthhátíðinni 1978.

**Arthúr Björgvin Bollason** mun halda fyrirlestur um **Wagner og Nietzsche**. Einnig er stefnt að kynningu með tóndæmum á **fyrri óperum Wagners** (Die Feen, Das Liebesverbot, Rienzi). Dagsetningar hafa ekki enn verið frágengar.

## Fréttir frá sumrinu.

Magnea Tómasdóttir sópransöngkona fyrir hönd félagsins er fulltrúi félagsins í Alþjóðlegri söngkeppni Wagnersöngvara á þessu ári. Fyrir keppninni standa Alþjóðasamtök Wagnerfélaga og Wagnerfélagið í Saarbrücken. Magnea var valin ásamt 45 öðrum úr hópi 100 umsækjenda til þátttöku í keppninni og fóru undanúrslit fram í Bayreuth dagana 6. og 7. ágúst. Nú hafa 16 söngvarar verið valdir í lokakeppnina sem verður í Saarbrücken í október og er Magnea í þeirra hópi.

Formaður félagsins sat þing Alþjóðasamtaka Wagnerfélaga í byrjun júní og mun segja nánar frá því síðar. Árni Björnsson mun einnig segja frá ferð sinni og nokkurra annarra félagsmanna til að sjá Niflungahringinn í Helsinki, en þar hélt Árni fyrirlestur á vegum finnska Wagnerfélagsins um

efni fyrirhugaðrar bókar sinnar. Loks má búast við frásögnum frá þeim Íslendingum sem sáu nýja Niflungahringinn í Bayreuth í sumar.

### Félagsgjöld.

Nokkrir félagsmenn eiga ógreidd félagsgjöld og eru þeir hvattir til að leggja sitt af mörkum til starfsemi félagsins og drífa sig í bankann. Jón Ragnar Höskuldsson gjaldkeri aðstoðar gjarnan þá sem týnt hafa gíróseðlinum (sími 5624051).

### Miðar á Bayreuthhátiðina árið 2001

Vonast er til að framhald verði á Bayreuthferðum á vegum félagsins. Í sumar fengust 12 miðar á hina nýju uppfærslu Niflungahringins auk 12 miða á aðrar sýningar. Auk þess styrkti félagið för eins listamanns í nafni félagsins og var það bassasöngvarinn Tómas Tómasson.

Við viljum nú kanna fyrirfram hverjir hafa áhuga á Bayreuthferð árið 2001. Miðapöntun þarf að gerast nú í haust og greiðsla miða að fara fram um áramót. Miðaverð er frá ca 100 - 350 DM á sýningu. Þeir sem áhuga á að kaupa miða í Bayreuth næsta sumar eru beðnir um að fylla út svaseðilinn hér fyrir neðan og senda hann til formanns fyrir **15. september nk.**

Bayreuthhátiðin 2001 mun standa yfir frá 25. júlí til 28. ágúst. Á hátiðinni verður sýndur Niflungahringurinn í leikstjórn Jürgens Flimm með hljómsveitarstjóranum Giuseppe Sinopoli. sem frumsýndur var nú í sumar. Auk þess verða á dagskrá Meistarásöngvararnir og Parsifal í leikstjórn Wolfgangs Wagner og uppfærsla á Lohengrin í leikstjórn Bretans Keith Warner, sem frumsýnd var í fyrra og vakti mikla athygli.

(Klippid eða ljósrítið)

### Bayreuthferð 2001. Ósk um að fá miða.

1. Nafn (nöfn), heimilisfang og sími (fax, netfang).....  
.....
  2. Miðar óskast á eftirfarandi sýningar ( setjið númer 1-4 eftir forgangsröð ykkar):  
Niflungahringurinn....., Meistarásöngvararnir....., Parsifal....., Lohengrin.....
  3. Getur viðkomandi sótt sýningar hvenær sem er á tímabilinu 25/7 til 28/8.  
.....
- Æskilegt miðaverð:.....  
Annað:.....

Sendist Selmu Guðmundsdóttur fyrir 15. sept. (Vesturgata 36B, 101R)

Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf og ánægjulega samveru í vetur.  
F.h. stjórnar Richard Wagner félagsins.

*Selma Guðmundsdóttir formaður*